

Samlestur og risabækur



Samlestur

- Vettvangur þar sem nemendur njóta texta á mismunandi formi (sögur, ljóð, fræðitexti o.fl.).
- Nemendur hlusta á íslensku og horfa á textann af skjávarpa, myndvarpa eða risabók.
- Nemendur fá nægan tíma til að æfa sig (oft lesið í kór).
- Nemendur tileinka sér og skilja ný orð og málnotkun.
- Nemendur læra að skipuleggja hugsanagang sinn.

Hvað gerir kennarinn í samlestri?

- Kynnir textann.
- Les textann og nemendur fylgjast með.
- Gefur fyrirmynd að því hvernig maður **hugsar upphátt/ *think aloud*** með augljósum útskýringum og sýnikennslu.
- Fylgist með nemendum og metur frammistöðu þeirra þegar þeir beita þessari aðferð.

Að hugsa upphátt/*Think aloud*

- Hjálpar nemendum við að huga að merkingu í texta og forspá um framhaldið.
- Þegar nemendur lesa, stoppa þeir annað slagið og hugsa upphátt um tengingar í textanum, myndir sem þeir sjá, vanda sem þeir glíma við þegar þeir reyna að skilja textann og leiðir til að leysa vandann. Einnig spá þeir fyrir um framhaldið.
- Þegar nemandi hugsar upphátt hjálpar það kennaranum að skilja hvernig áskorun nemandinn glímir við og fær nemandann til að greina hvernig hann sjálfur hugsar um textann.
- Nálgun af þessu tagi sem gerir nemendur meðvitaða um eigið nám stuðlar að sjálfstæðum lesurum.

Tækni sem kennari notar í samlestri og upplestri

- **Tala saman:** Kennari stoppar lesturinn á mikilvægum stað í frásögninni og fær nemendur til að tala saman um viðfangsefni textans með því að spyrja leiðandi spurninga.
- **Hugsa upphátt:** Kennari stoppar í upplestri og deilir með nemendum því sem honum dettur í hug varðandi persónur, atburði og annað í textanum. Hann forspáir líka um framhaldið.
- **Stoppa og skrifa:** Kennari stoppar í upplestri og biður nemendur að skrifa niður punkta um atburð, persónu eða annað í textanum.

Hvað gerir þú þegar þú lest?

Merktu límmiðann um leið og þú lest og límdu á textann þinn.

- **TS** = Texti og sjálfur/sjálf (tenging textans við mig og mína reynslu).
- **TU** = Texti og umheimur (tenging textans við umheiminn).
- **TT** = Texti við texta (tenging við það sem kom áður í þessum texta eða öðrum texta sem ég hef lesið).
- **?** = Spurningar.
- **||** = Mikilvægar hugmyndir.
- **Vá!** = Nú er ég hissa.
- **M** = Mynd eða myndband sem þú sérð fyrir þér.

***Veldu það sem hentar þínum hugsunum best á meðan þú lest.
Við segjum hvort öðru frá hugsunum og límmiðunum okkar
því við lærum öll af hvert öðru.***

Enskar vefslóðir (myndbönd) með sýnikennslu í samlestri

- <http://www.youtube.com/watch?v=tP0bh55hfBk>
- <http://www.curriculum.org/secretariat/SharedReading.shtml>
- <http://www.eworkshop.on.ca/edu/core.cfm?p=modView.cfm&navID=modView&L=1&modID=8&c=2&CFID=5697443&CFTOKEN=38759008&jsessionid=f03024d567cb72ce4f62735f6c776f53167c>
- <http://www.youtube.com/watch?v=GRnIV16LCnY>